

Föstudaginn 5. nóvember 1954.

Nr. 62/1952.

Steingrímur Nikulásson

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Vilhelmínu Jónsdóttur (Gunnar Þorsteinsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Festaslit. Kaupkrafa ráðskonu.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. apríl 1952 að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hennar í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 23. apríl 1952 og áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 30. s. m. Hún krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða henni kr. 24.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. febrúar 1949 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Í greinargerð í héraði reisti gagnáfrýjandi kröfu sína öðrum þræði á því, að hún ætti ógreitt ráðskonukaup úr hendi stefnda. Eftir það leitaði héraðsdómari sátta með aðiljum í málinu, og samkvæmt dómsforsendum héraðsdómara var krafa gagnáfrýjanda síðar í málflutningi m. a. studd greindum rökum, og verður eigi séð, að af hendi aðaláfrýjanda hafi því verið andmælt, að slík málsástæða væri uppi höfð. Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Steingrímur Nikulásson, greiði gagn-

áfrýjanda, Vilhelminu Jónsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. desember 1951.

Mál þetta, er dómtekið var 10. þ. m., hefur Vilhelmina Jónsdóttir, Vesturgötu 10, Hafnarfirði, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 23. febrúar 1949, gegn Steingrími Nikulássyni, skála nr. 28 í Laugarnesi hér í bænum, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 24.000,00, eða annarrar lægri fjárhæðar að mati dómarans, með 6% ársvöxtum frá 16. febrúar 1949 til greiðsludags og málskostnaðar.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavexti kveður stefnandi þá, að þau stefndi hafi heitið hvort öðru eiginorði hinn 1. maí 1942 og jafnframt hafið sambúð, er staðið hafi til 30. september 1948. Kveðst stefnandi á tímabili þessu oft hafa æskt þess, að þau létu gifta sig, en stefndi jafnan slegið því á frest, og hinn 30. september 1948 hafi hann slitið festum þeirra algerlega að tilefnislausu og ekki borið neinar sakir á hana. Hafi hún þá flutt burt með tvö börn, er þau hafi eignast í sambúðinni, hið fyrra 22. febrúar 1943, en hið síðara 26. júlí 1947.

Kröfur sínar í málinu byggir stefnandi í fyrsta lagi á ákvæðum 3. gr. laga nr. 39/1921, um stofnun og slit hjúskapar. Telur hún stefnda eiga alla sök á festarslitunum og honum því bera að bæta henni ráðspjöllin.

Í öðru lagi byggir stefnandi kröfur sínar á því, að hún hafi að beiðni stefnda, eftir að festar voru stofnaðar, sagt upp góðu starfi, er hún hafi haft í veitingahúsi, og heri stefnda samkvæmt ákvæðum 3. gr. fyrrnefndra laga að bæta fjárhagstjón það, er hún hafi beðið af þeim sökum.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að það hafi verið vilji beggja aðilja að slíta festum og hætta sambúðinni, enda hafi stefnandi lýst yfir því, að hún mundi aldrei ganga í hjónaband með stefnda. Hafi þau slitið festum í ágústmánuði 1948 og stefnandi flutzt af heimilinu í lok þess mánaðar.

Eins og að framan getur, kveðst stefnandi hafa flutzt af heimili þeirra aðilja 30. september 1948. Þann sama dag fóru aðiljarnir ásamt föður stefnanda til Bergs Jónssonar héraðsdómslögmanns til þess að ganga frá skiptingu eigna og meðlagsgreiðslu með börnunum, en hann vísaði þeim til sakadómara varðandi meðlagsgreiðslu. Gátu aðiljar þess á báðum þessum stöðum, að ákveðið væri, að þau slitu samvistum, og kveðst stefnandi ekki hafa látið í ljós, að hún væri samvistarslitunum mótfallin. Stefndi kvæntist í janúarmánuði 1949, og ól kona hans honum barn í júlímánuði s. á., en hann kveðst ekki hafa kynnt konu sinni, fyrr en eftir að slitið var samvistum hans

og stefnanda. Þegar allt þetta er virt og þess gætt, að stefnandi fluttist burt af heimili þeirra aðilja, þykir ekki sýnt fram á, að stefndi hafi aðallega átt sök á festarslitunum, eins og tilskilið er í nefndum lagagreinum, og verða kröfur stefnanda því ekki á þeim reistar í máli þessu.

Í þriðja lagi byggir stefnandi kröfur sínar á því, að hún eigi rétt á kaupum úr hendi stefnda fyrir þann tíma, er hún hafi unnið á heimili hans.

Eins og fyrr segir, tóku aðiljar upp sambúð, strax er festar stofnuðust, og virðist sambúðin hafa staðið óslitið til 30. september 1948. Kveðst stefnandi á þessu tímabili hafa starfað og dvalizt á sameiginlegu heimili þeirra nema stundum nokkra daga í einu, sem hún hafi dvalizt á heimili foreldra sinna, meðan stefndi, sem er sjómaður, var í siglingum. Á heimilinu virðast ekki hafa verið aðrir en aðiljar auk barnanna. Að þessu athuguðu þykir hæfilegt, að stefndi greiði stefnanda fyrir vinnu hennar á heimilinu þetta tímabil kr. 15.400,00, enda er þá haft í huga, að stefndi virðist hafa lagt til fæði, klæði og húsnæði. Þegar stefnandi fluttist af heimilinu, fékk hún húsgögn hjá stefnda, sem aðiljar hafa metið á kr. 5.500,00. Ber að draga þá fjárhæð frá launakröfu stefnanda.

Úrslit þessa máls verða þá þau, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 9.900,00 með vöxtum svo sem krafizt er svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.250,00.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Steingrímur Nikulásson, greiði stefnanda, Vilhelminu Jónsdóttur, kr. 9.900,00 með 6% ársvöxtum frá 16. febrúar 1949 til greiðsludags og kr. 1.250,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.
